

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA.

Umhverfis- og loftslagsþættir

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlit umhverfis- og loftslagsköflum ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfélaga fyrir árið 2022. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum samstæðunnar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á gögnum í ofangreindum köflum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin nær til þýðingarmikilla umhverfisþátta og losun gróðurhúsalofttegunda og er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald sbr. lög nr. 7/ 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem reist eru á tilskipun Evrópusambandsins 2010/75/EC um losun frá iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (endurútgefin). Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar í skýrslunni. Hún felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærð og mikilvægi einstakra þátta sem upp eru taldir í skýrslunni.

Árið 2022 urðu engin umhverfisslys. Kolefnisspor OR er metið út frá leiðbeiningum GHG Protocol og skipt í umfang 1 (öll bein losun), umfang 2 (óbein losun vegna orkunotkunar) og umfang 3 (önnur óbein losun í virðiskeðjunni). Árið 2022 var losun í umfangi 1 49.000 tonn CO₂ ígilda, í umfangi 2 var losunin 0 tonn CO₂ ígilda og í umfangi 3 var losunin 1.900 tonn CO₂ ígilda.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfis- og loftslagskaflar ársskýrslu OR 2022 gefi glögga mynd af umhverfisáhrifum rekstursins fyrir árið 2022, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 14. feb 2023.
VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson
efnaverkfræðingur